



Fréttatilkynning

27 November 2023 16:40:00 GMT

Arion banki hf.: Tilkynning um nýtingu áskriftarréttinda ARIONW24 og hækkun hlutafjár

Arion banka hf. (hér eftir „félagið“) bárust tilkynningar um nýtingu áskriftarréttinda ARIONW24 á fyrsta nýtingartímabili réttindanna sem lauk 25. nóvember sl. Um er að ræða nýtingu á áskriftarréttindum að samtals 224.359 nýjum hlutum í félaginu.

Stjórn nýtti í dag heimild sína samkvæmt viðauka nr. 2, sbr. grein 3.5 í samþykktum félagsins, til að hækka hlutafé félagsins í þeim tilgangi að mæta nýtingu framangreindra áskriftarréttinda. Hlutafé félagsins verður því hækkað um 224.359 kr. og mun eftir hækkun standa í 1.460.224.359 að nafnvirði, með útgáfu nýrra hluta. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna og fylgir hverjum hlut eitt atkvæði.

Hlutafjárhækkunin verður tilkynnt til og skráð af Fyrirtækjaskrá Skattsins og nýir hlutir verða gefnir út af Nasdaq verðbréfamiðstöð og óskað eftir töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumans fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumans fjárstýringar, eiríkur. jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Tilkynning um nýtingu áskriftarréttinda ARIONW24 og hækkun hlutafjár](#)